
Umhverfissvið

Endurgerð grunnskólalóða í Kópavogi 2015-2025

Yfirlit um framkvæmdir á tímabilinu, stöðu verkefnisins og endurmat



Hugmynd um skilti um „gömlu leikina“ var kosin inn í Smárahverfi í íbúalýðræðisverkefninu Okkar Kópavogur. Skiltið hér að ofan var sett upp á lóð Smáraskóla haustið 2025 í tengslum við endurbætur á lóðinni þar.

26. febrúar 2026, garðyrkjustjóri Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Inngangur

Haustið 2015 var hafinn undirbúningur verkefnisins „skemmtilegar skólalóðir“, en það er samstarfsverkefni umhverfissviðs og menntasviðs Kópavogsbæjar sem lýtur að endurgerð skólalóða bæjarins, gera þær fjölbreyttari og auka notagildið. Verkefnið var tvískipt, í fyrri áfanga voru teknar fyrir grunnskólalóðir og í þeim síðari leikskólalóðir. Vorið 2016 kom út greinargerð starfshóps um "Skemmtilegar skólalóðir í Kópavogi", sem finna má á heimasíðu Kópavogsbæjar, sjá hér. Þar voru, auk ítarlegrar umfjöllunar og greiningar á lóðunum, settar fram tillögur um endurgerð lóðanna. Síðan þá hafa menntaráð og bæjarráð árlega samþykkt tillögur sviðsstjóra umhverfissviðs og menntasvið um framkvæmdir hvers árs á grundvelli skýrslunnar og framþróunar verkefnisins. Stöðugt hefur verið unnið að endurbótum lóðanna undanfarinn áratug og hafa þar orðið miklar breytingar til batnaðar, eins og sjá má í þessari samantekt. Verkefnið tekur fyrst og fremst til meiriháttar endurnýjunar og endurbóta lóða, en auk þess er alltaf í gangi reglulegt eftirlit skv. reglugerð um leiksvæði, viðhald og minniháttar lagfæringar.

Starfshópurinn um „skemmtilegar skólalóðir“ taldi á sínum tíma mikilvægt að mat á lóðunum væri sett fram á hlutlausan og mælanlegan hátt, þ.e. að síðar væri hægt að nota sömu aðferðir og mæla breytingar sem orðið hafa. Búnir voru til 12 mælikvarðar sem notaðir voru við matið. Hér eru þessir mælikvarðar settir fram eins og þeir voru í skýrslunni frá 2016, með tölulegum upplýsingum frá 2015 annars vegar og hins vegar eins og staðan er í dag til samanburðar.

Í þessari greinargerð er, eftir umfjöllun um mælikvarðana og samanburð þeirra við upphaf verkefnisins og nú, að finna nánari samantekt fyrir hvern og einn skóla.

Fjárveitingar til verkefnisins

Aðal fjárveiting til endurgerðar grunnskólalóða hefur frá árinu 2016 verið á gjaldalið 32164 en þar voru 80 millj. kr. árið 2025. Á síðastliðnum áratug hafa einnig komið til sérstakar fjárveitingar á stofni (32.....), við Barnaskóla Kársness, Kársnesskóla, Kóraskóla og Vatnsendaskóla. Umtalsverðir fjármunir hafa komið frá íbúalýðræðisverkefninu Okkar Kópavogur, sem flýtt hefur fyrir endurbótaverkefninu í heild. Loks má geta þess að fjölmargar stærri viðhaldsframkvæmdir hafa verið kostaðar af Eignasjóði (31.....), sem rekur fasteignir bæjarins og lóðir þeirra

Framkvæmdir á lóðum 2016-25	Álfh.skóli-Digranes	Álfh.skóli-Hjalli	Barnaskóli Kársness	Hörðuvalla-skóli	Kársnes-skóli	Kópavogs-skóli	Kóraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Smáraskóli	Snælands-skóli	Vatnsenda-skóli
2016	x					x			x			
2017		x		x	x				x			x
2018	x			x	x					x	x	x
2019	x				x		x		x	x		
2020							x	x				x
2021				x		x		x	x			x
2022								x			x	
2023								x		x		
2024		x	x	x								
2025			x		x					x	x	x

Tafla 1. Yfirlit yfir framkvæmdir á grunnskólalóðum 2016-2025.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Mælikvarðarnir og staða þeirra 2015 og 2025

2015	Álfh.skóli-Digranes	Álfh.skóli-Hjalli	Kársnesskóli - Sk.g.	Hörðuvallaskóli	Kársnesskóli - Va.g.	Kópavogsskóli	(Kóraskóli)	Lindaskóli	Salaskóli	Smáraskóli	Snælandsskóli	Vatnsendaskóli	
Fjöldi nemenda 2015:	263	398	237	779	311	316		496	553	372	420	550	4.695
Lóðarstærð (nettó) í m^2	13.710	11.790	11.010	12.500	6.400	15.100		16.430	16.650	12.810	10.060	17.260	143.720
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	52	30	46	16	21	48		33	30	34	24	31	30,6
Fjöldi leiktækja 2015:	13	8	12	12	4	9		26	10	7	14	9	124
Fj. nemenda pr. leiktæki:	20,2	49,8	19,8	64,9	77,8	35,1		19,1	55,3	53,1	30,0	61,1	37,9
Fjöldi leiktækjastiga 2015:	35	18	31	36	12	24		62	30	19	41	26	334
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	7,5	22,1	7,6	21,6	25,9	13,2		8,0	18,4	19,6	10,2	21,2	14,1
Aldur leiktækja, >12 ára:	92%	100%	100%	0%	100%	100%		88%	80%	71%	100%	0%	75,7%
Aldur leiktækja, >18 ára:	8%	0%	58%	0%	0%	56%		0%	0%	0%	0%	0%	11,1%
Körfur samtals:	3	4	3	3	4	3		5	6	7	4	3	45
Fj. nemenda pr. körfu:	87,7	99,5	79,0	259,7	77,8	105,3		99,2	92,2	53,1	105,0	183,3	104,3
Boltamörk samtals:	7	6	6	6	4	6		8	8	5	6	4	66
Fj. nemenda pr. boltamark:	37,6	66,3	39,5	129,8	77,8	52,7		62,0	69,1	74,4	70,0	137,5	71,1
Hjólastæði samtals	30	50	40	168	73	40		68	107	80	68	90	814
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	8,8	8,0	5,9	4,6	4,3	7,9		7,3	5,2	4,7	6,2	6,1	5,8

2025	Álfh.skóli-Digranes	Álfh.skóli-Hjalli	Barnaskóli Kársness	Hörðuvallaskóli	Kársnesskóli	Kópavogsskóli	Kóraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Smáraskóli	Snælandsskóli	Vatnsendaskóli	
Fjöldi nemenda 2025	217	365	292	513	400	421	279	435	493	500	471	530	4.916
Lóðarstærð (nettó) í m^2	12.930	11.790	8.000	12.350	11.650	13.230	4.100	16.230	16.430	15.510	10.060	17.260	149.540
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	60	32	27	24	29	31	15	37	33	31	21	33	30,4
Fjöldi leiktækja 2025:	14	18	19	20	15	23	2	21	24	19	17	33	225
Fj. nemenda pr. leiktæki:	15,5	20,3	15,4	25,7	26,7	18,3	139,5	20,7	20,5	26,3	27,7	16,1	21,8
Fjöldi leiktækjastiga 2025:	44	45	55	67	44	65	8	65	67	65	64	97	686
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	4,9	8,1	5,3	7,7	9,1	6,5	34,9	6,7	7,4	7,7	7,4	5,5	7,2
Aldur leiktækja, >12 ára:	0%	0%	0%	10%	0%	0%	0%	0%	0%	11%	0%	6%	2,2%
Aldur leiktækja, >18 ára:	14%	0%	0%	5%	13%	13%	0%	19%	8%	0%	6%	6%	7,1%
Körfur samtals:	6	4	4	10	10	3	2	10	8	8	12	7	84
Fj. nemenda pr. körfu:	36,2	91,3	73,0	51,3	40,0	140,3	139,5	43,5	61,6	62,5	39,3	75,7	58,5
Boltamörk samtals:	6	10	2	12	8	4	0	11	10	18	4	8	93
Fj. nemenda pr. boltamark:	36,2	36,5	146,0	42,8	50,0	105,3	0	39,5	49,3	27,8	117,8	66,3	52,9
Hjólastæði samtals:	92	90	80	190	194	84	120	128	147	176	169	192	1.662
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	2,4	4,1	3,7	2,7	2,1	5,0	2,3	3,4	3,4	2,8	2,8	2,8	3,0

Tafla 2. Átta af tólf mælikvörðum grunnskólalóða 2015 og 2025. Sett fram eftir: nærri meðaltali, +/-10% (blátt), undir því (gult) og yfir því (grænt). Appelsínugulir reitir eru þeir sem vísa í mælikvarða. Því fleiri fermetrar, þeim mun meira pláss á hvern nemanda, eftir því sem talan er lægri í fjölda nemenda á hvert leiktæki eða leiktækjastig, þeim mun betra. Sömuleiðis er best að sem flest leiktæki séu nýleg. Því færri nemendur um hverja körfu, boltamark og hjólastæði, þeim mun betra.

Á tímabilinu 2015-2025 fjölgaði nemendum í grunnskólum Kópavogs um 221 eða um tæp 5%, sem er athyglisvert því á tímabilinu fjölgaði íbúum í Kópavogi um rúm 20%

Útileiksvæði grunnskólalóðanna, þ.e. „raunstærð“ lóðar að frádregnum skólabyggingum, bílastæðum o.þ.h., eru talsvert stærri nú en 2015 og munar þar mestu um að Vallargerðisvöllur er í 2025 tölunum talinn sem lóð Kársnesskóla, en meðal stærð lóðar pr. nemanda helst svo til óbreytt. Stærðin var að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

meðaltali 30,6 m^2 pr. nemanda árið 2015 en er nú 30,4 m^2. Mesta plássið er nú sem fyrr í Álfhólsskóla-Digranesi. Var 52 m^2 pr. nemanda 2015 en hefur aukist í 60 m^2 vegna fækkunar nemenda. Minnsta plássið er í Kóraskóla þar sem eru 15 m^2 pr. nemanda.

Listar með yfirliti yfir þau leiktæki sem var árið 2015 að finna á grunnskólalóðum bæjarins voru bornar saman við það sem nú er á lóðunum. Þessa lista er að finna síðar í greinagerð þessari undir hverri lóð. Leiktækjum á lóðum hefur fjölgað mjög á tímabilinu og mjög mikið hefur verið endurnýjað. Skoðaður var fjöldi nemenda sem er um hvert leiktæki og er meðaltalið nú 22 en var 38 árið 2015. Einnig var þetta skoðað út frá mismunandi eðli og gerð leiktækjanna og þeim gefin stig. Það hversu margir nemendur voru um hvert leiktækjastig gefur í raun réttari mynd af notagildi leiktækjanna heldur en fjöldi þeirra. Fjöldi nemenda um hvert leiktækjastig var 14 að meðaltali árið 2015 en er nú 7. Í báðum þessum mælikvörðum er staðan betri eftir því sem talan er lægri.

Jafnframt var skoðaður aldur leiktækjanna, annars vegar hve hátt hlutfall þeirra er eldri en 12 ára, hins vegar eldri en 18 ára. Hlutfall leiktækja eldri en 12 ára hefur á tímabilinu lækkað úr 76% í 2% en leiktæki sem eru eldri en 18 ára úr 11% í 7%. Þá má líka orða það þannig að 2015 var 13% leiktækjanna yngri en 12 ára en er nú 91%. Hér hefur því orðið alger viðsnúningur.

Fjöldi nemenda um hvert körfuboltamark og hvert fótboltamark eru tveir mælikvarðanna. Körfum á grunnskólalóðum hefur á árunum 2015-2025 fjölgað um 87%, úr 45 í 84. Nú eru 59 nemendur um hverja körfu en voru 104 árið 2015. Boltamörkum hefur á tímabilinu fjölgað um 41%, úr 66 í 93. Fjöldi nemenda um hvert mark var 78 en er nú 65.

Loks er mælikvarði sem varðar fjölda hjólastæða á lóðum. Árið 2015 voru hjólastæði alls 814 talsins og 5,8 nemendur voru að meðaltali um hvert stæði. Nú eru hjólastæðin 1.662 og 3 nemendur um hvert þeirra. Um tvöföldun hjólastæða er því að ræða á tímabilinu.

	Álfh.skóli-Digranes	Álfh.skóli-Hjalli	Barnaskóli Kársness	Hörðuvalla-skóli	Kársnes-skóli - Va.g.	Kópavogs-skóli	Kóraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Smáraskóli	Snælands-skóli	Vatnsenda-skóli
Gervigrasvöllur (battavöllur)	2004	2005		2006	2004	2005		2005	2005	(2004)	2022	2006
Gervigrasvöllur, ný gerð		2024		2021				2021	2019	2023, 25		2022
Körfuboltavöllur, ný gerð				2018				2020	2017	2015		
Hreystivöllur		2017						2014	2018			2017
Hjólabrettasvæði										(2008)	2002	

Tafla 3. Auka upplýsingar um framkvæmdir á boltavöllum o.þ.h. á grunnskólalóðum bæjarins, annars vegar sl. áratug og hins vegar fyrir þann tíma.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Aðrir þættir á lóðum grunnskóla

En það er fleira en leiktæki á lóð sem var skoðað. Í töflu 4. eru tekin saman fjögur önnur atriði sem mynda þriðjung mælikvarðanna: setaðstaða o.fl., lýsing á lóð, ástand girðinga og almennt ástand lóðar. Í skýrslunni 2016 var ástandið metið í flokkum A, B og C en hér er það sett fram á kvarðanum 1-5 til samræmis við aðra mælikvarða, sjá töflu 5. Meðaltal þessara fjögurra mælikvaða nú er 78% af 100% mögulegum en var 59% árið 2015. Ástandið á grunnskólalóðum hefur því einnig batnað verulega á tímabilinu hvað þessa þætti varðar.

2015	Álfh.skóli-Digranes	Álfh.skóli-Hjalli	Kársnes-skóli - Sk.g.	Hörðuvalla-skóli	Kársnes-skóli - Va.g.	Kópavogs-skóli	(Kóraskóli)	Lindaskóli	Salaskóli	Smáraskóli	Snælands-skóli	Vatnsenda-skóli		
Setaðstaða o.fl.	2	3	2	3	3	2		3	3	2	2	2	49,1%	M
Lýsing	2	2	3	4	4	2		4	4	2	4	2	60,0%	M
Girðingar	3	3	3	4	3	3		3	4	4	3	3	65,5%	M
Almennt ástand lóðar	3	3	3	3	4	3		4	2	3	3	2	60,0%	M

2025	Álfh.skóli-Digranes	Álfh.skóli-Hjalli	Barnaskóli Kársness	Hörðuvalla-skóli	Kársnes-skóli	Kópavogs-skóli	Kóraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Smáraskóli	Snælands-skóli	Vatnsenda-skóli		
Setaðstaða o.fl.	3	3	4	4	3	3	4	4	4	3	4	4	71,7%	M
Lýsing	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	5	4	81,7%	M
Girðingar	4	4	4	4	3	3	4	3	4	4	4	4	75,0%	M
Almennt ástand lóðar	4	4	5	4	4	4	4	4	4	4	4	4	81,7%	M

Tafla 4. Aðrir þættir á grunnskólalóðum 2015 og 2025. Sett fram eftir: nærri meðaltali, +/-10% (blátt), undir því (gult) og yfir því (grænt). Því fleiri stig, þeim mun betra er ástandið. Appelsínugulir reitir eru þeir sem vísa í mælikvarða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Mat á grunnskólalóðum

Í töflu 5. eru heildarniðurstöður matsins settar fram í tölum, bæði eins og þær eru í skýrslunni frá 2016 og í stöðumati 2025, sjá töflu 2. og 4. Tekin eru saman stig fyrir hvern flokk og síðan sett fram sem hlutfall af mögulegum hámarksfjölda stiga. Gefin voru 1-5 stig fyrir hvern mælikvarða í samræmi við útkomu í töflu 2. og 4. Stigin eru þannig: 1 = >20% undir meðaltali, 2 = 10-20% undir meðaltali, 3 = meðaltal +/- 10%, 4 = 10-20% yfir meðaltali, 5 = >20% yfir meðaltali.

2015	Álfh.skóli-Digranes	Álfh.skóli-Hjalli	Kársnes-skóli - Sk.g.	Hörðuvalla-skóli	Kársnes-skóli - Va.g.	Kópavogs-skóli	(Kóraskóli)	Lindaskóli	Salaskóli	Smáraskóli	Snælands-skóli	Vatnsenda-skóli	SAMTALS	
Fjöldi m² pr. nemenda:	5	3	5	1	1	5		3	3	4	2	3	35	64%
Fj. nemenda pr. leiktæki:	5	1	5	1	1	3		5	1	1	5	1	29	53%
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	5	1	5	1	1	3		5	1	1	5	1	29	53%
Aldur leiktækja, >12 ára:	2	1	1	5	1	1		2	3	3	1	5	25	45%
Aldur leiktækja, >18 ára:	5	5	1	5	5	1		5	5	5	5	5	47	85%
Fj. nemenda pr. körfu:	4	3	5	1	5	3		3	4	5	3	1	37	67%
Fj. nemenda pr. boltamark:	5	3	5	1	3	5		4	3	3	3	1	36	65%
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	1	1	3	5	5	1		1	3	4	3	3	30	55%
Setaðstaða o.fl.	2	3	2	3	3	2		3	3	2	2	2	27	49%
Lýsing	2	2	3	4	4	2		4	4	2	4	2	33	60%
Girðingar	3	3	3	4	3	3		3	4	4	3	3	36	65%
Almennt ástand lóðar	3	3	3	3	4	3		4	2	3	3	2	33	60%
	42	29	41	34	36	32	0	42	36	37	39	29	397	59%
	70%	48%	68%	57%	60%	53%	0%	70%	60%	62%	65%	48%		

2025	Álfh.skóli-Digranes	Álfh.skóli-Hjalli	Barnaskóli Kársness	Hörðuvalla-skóli	Kársnes-skóli	Kópavogs-skóli	Kóraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	Smáraskóli	Snælands-skóli	Vatnsenda-skóli	SAMTALS	
Fjöldi m² pr. nemenda:	5	3	3	2	3	3	1	5	3	3	1	3	35	58%
Fj. nemenda pr. leiktæki:	5	3	5	2	1	4	1	3	3	1	1	5	34	57%
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	5	2	5	3	1	3	1	3	3	3	3	5	37	62%
Aldur leiktækja, >12 ára:	5	5	5	1	5	5	5	5	5	1	5	1	48	80%
Aldur leiktækja, >18 ára:	1	5	5	5	1	1	5	1	2	5	5	5	41	68%
Fj. nemenda pr. körfu:	5	1	1	4	5	1	1	5	3	3	5	1	35	58%
Fj. nemenda pr. boltamark:	5	5	1	4	3	1	0	5	3	5	1	1	34	57%
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	5	1	1	3	5	1	5	2	2	3	3	3	34	57%
Setaðstaða o.fl.	3	3	4	4	3	3	4	4	4	3	4	4	43	72%
Lýsing	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	5	4	49	82%
Girðingar	4	4	4	4	3	3	4	3	4	4	4	4	45	75%
Almennt ástand lóðar	4	4	5	4	4	4	4	4	4	4	4	4	49	82%
	51	40	43	40	38	33	35	44	40	39	41	40	484	78%
	85%	67%	72%	67%	63%	55%	58%	73%	67%	65%	68%	67%		

Tafla 5. Mælikvarðar á grunnskólalóðum 2015 og 2025.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Lokaorð

Í tengslum við verkefnið um skemmtilegar skólalóðir var tekin upp ný vinnutilhögun sem fylgt hefur verið síðan. Við meiriháttar endurhönnun og endurgerð skólalóða er skipaður starfshópur um hverja lóð sem samanstendur af fulltrúum umhverfissviðs og menntasviðs, viðkomandi skólastjóra, ásamt fulltrúum kennara og foreldra, auk landslagsarkitekts. Nemendur hafa einnig komið að verkefninu, t.d. með vali á leiktækjum og síðustu þrjú ár hefur fulltrúi nemenda átt sæti í samráðshópnum. Þessi tilhögun hefur skilað sér í mikilli ánægju skólasamfélagsins með þær framkvæmdir sem þegar hafa verið unnar og er mikilvægt að haldið sé áfram á þessari braut. Eins og fyrr segir er einnig mikilvægt að breytingar séu mælanlegar og ekki síður að unnið sé með nýjustu upplýsingar hverju sinni. Til þess er þessi samantekt gerð og hún nýtist í áframhaldandi vinnu við endurgerð grunnskólalóðanna, því þó verkefnið sé sé nú langt komið er því ekki lokið.

Þó má segja að nú styttist í að verkefnið um endurgerð grunnskólalóða taki breytingum, því stóru verkefnin framundan eru annars eðlis, þ.e. endurhönnun lóða og lóðagerð í tenglum við viðbyggingar og breytingar, s.s. við Kársnesskóla, Kópavogsskóla og Smáraskóla, að ógleymdum næsta grunnskóla Kópavogsbæjar á Vatnsendahvarfi. Eðlilegast er að fjárveitingar til þeirra verka komi samhliða þeim framkvæmdum en ekki úr sameiginlegum „potti“. Viðhald og minni lagfæringar og endurbætur á grunnskólalóðum verður þó áfram verkefni sem aldrei lýkur, því það er nokkuð sem skilar sé í góðum og öruggum lóðum.

26. febrúar 2026,

Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Bls. 9-31

Viðauki. Umfjöllun um hverja skólalóð fyrir sig með loftmyndum frá 2015 og 2025. Afmörkun svæða á nýrri loftmyndinni sýnir hvar unnið hefur verið að úrbótum á grunnskólalóðum sl. áratug.

Álfhólsskóli - Digranes

Árið 2016 var sett upp hjólabraut (Pump Track) við bílastæði sunnan lóðarinnar, en árin 2018-19 var allur suðurhluti lóðarinnar endurnýjaður, um 3.500 m^2 svæði. Leiktæki sem þar voru sett upp eru stór kastali með 2 rennibrautum og klifurmöguleikum, trampólín, gormajafnvægisslá, þriggja arma karfa, stór hringekja, klifurpýramídi og klifurgrind. Bílastæðum sunnan lóðar var fjölgað, m.a. snjóbrætt bílastæði hreyfihamlaðra, og gerð snjóbrædd gönguleið að suðurinngangi skólans. Jafnframt voru tengsl suður- og vesturhluta lóðar bætt og gerð aðgengileg hreyfihömluðum, hjólastæðum fjölgað og lýsing bætt. Yfirborð þessara leiksvæða er gervigras og gúmmí með falldempunar-eiginleikum.

Eldri leiktæki á austurhluta lóðarinnar hafa verið fjarlægð eftir því sem þau ganga úr sér og skoða þarf hvað kemur í staðinn. Endurskoða þyrfti nýtingu á austurhluta skólalóðarinnar.

Árið 2019 var gengið frá við nýbyggingu Skólahljómsveitar Kópavogs, bílastæðum o.fl., alls um 2.700 m^2 svæði, en það verk hefur í raun aldrei verið klárað að fullu með endurnýjun eldri bílastæða að norðanverðu. Þar þarf einnig að gera bílastæði hreyfihamlaðra.

Álfhólsskóli-Digranes	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	13.710	12.930
Fjöldi nemenda	263	217
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**52**	**60**
Breyting 2015-2025:		83%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Róla	2	6	1	3
Róla með 3 sætum	2	8		
Kastali	1	4	1	4
Rennibraut í kastala	1	2	2	4
Klifur í kastala	1	3	1	3
Klifurtæki A	1	3	1	3
Klifurtæki B	1	2	1	4
Klifurpýramídi			1	5
Hringekja (Supernova)			1	4
Hjólabraut (Pump Track)			1	5
Trampólín, stórt			1	3
Vegasalt A	2	4		
Jafnvægisslá	1	1	1	1
Jafnvægisslá, gorma- A	1	2	1	2
Jafnvægisslá, gorma- B			1	3
Leiktæki samtals:	**13**		**14**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**20**		**16**	
Breyting 2015-2025, stk.:				108%
Leiktækjastig samtals:		**35**		**44**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**8**		**5**	
Breyting 2015-2025, stig:				250%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**12**	**92%**	**0**	**0%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**1**	**8%**	**2**	**14%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur á körfuboltavelli	2		2	
Körfur, þríarma			3	
Körfur, stakar	1		1	
Körfur samtals:	**3**		**6**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**88**		**36**	
Breyting 2015-2025:				200%


	2015		2025	
Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á battavelli	2		2	
Boltamörk á malbiki	5		4	
Boltamörk samtals:	**7**		**6**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**38**		**36**	
Breyting 2015-2025:				86%

Hjólastæði	2015		2025	
Hjólastæði samtals:	**30**		**92**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**9**		**2**	
Breyting 2015-2025:				307%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



2015



2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Álfhólsskóli - Hjalli

Árið 2017 voru endurgerð tvö leiksvæði á lóðinni. Annars vegar sunnan skólans þar sem sett var upp minni útgáfan af hreystibraut og æfingatækjum. Hins vegar leiksvæði á vesturhluta lóðarinnar þar sem eru 2 rólur, 2 trampólín og fjölbreytt klifur- og jafnvægistæki. Yfirborð leiksvæðanna er gúmmíhellur og gervigras með falldempunareiginleikum. Einnig var þá settur upp klifurveggur á húsvegg. 2024 var endurnýjaður síðasti malarvöllurinn á skólalóðum Kópavogsbæjar þegar gerður var boltavöllur með gervigrasi og 6 mörkum á þeim hluta lóðarinnar sem liggur að Álfhólsvegi. Einnig var gerð gúmmíklædd spretthlaupabraut samhliða vellinum og sett upp lýsing. Eftir er að ganga frá gróðri umhverfis völlinn á tvo vegu.

Þörf er á að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að norðurinngangi skólans. Æskilegt væri að gera lítinn körfuboltavöll í suðvesturhorni skólalóðarinnar, ofan við Hjallakirkju, og huga að betri nýtingu austurhluta lóðar, milli battavallar og skólabyggingar.

Álfhólsskóli-Hjalli	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	11.790	11.790
Fjöldi nemenda	398	365
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**30**	**32**
Breyting 2015-2025:		92%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Róla	2	6	2	6
Klifurtæki A			2	8
Klifurtæki B			1	3
Klifurtæki C (hreystibraut)	1	3		
Klifurveggur á húsi			1	3
Vegasalt	1	2		
Hjólabraut (Pump Track)			1	4
Trampólín, stór			2	6
Jafnvægisslá	1	1	1	2
Jafnvægisgormapallur	3	6		
Jafnvægiskúlur			3	3
Apastigi (hreystibraut)			1	4
Dekkjabraut (hreystibraut)			2	2
Tvíslá (hreystibraut)			1	2
Þrístá (hreystibraut)			1	2
Leiktæki samtals:	**8**		**18**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**50**		**20**	
Breyting 2015-2025, stk.:				225%
Leiktækjastig samtals:		**18**		**45**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**22**		**8**	
Breyting 2015-2025, stig:				250%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**8**	**100%**	**0**	**0%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**0**	**0%**	**0**	**0%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur, stakar	4		4	
Körfur samtals:	**4**		**4**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**100**		**91**	
Breyting 2015-2025:				100%


Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á battavelli	2		2	
Boltamörk á gervigrasi			6	
Boltamörk á malarvelli	2			
Boltamörk á malbiki	2		2	
Boltamörk samtals:	**6**		**10**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**66**		**37**	
Breyting 2015-2025:				167%

Hjólastæði	2015		2025	
Hjólastæði samtals:	**50**		**90**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**8**		**4**	
Breyting 2015-2025:				180%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



2015



2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Barnaskóli Kársness

Nýjasti grunnskóli bæjarins tók til starfa haustið 2025. Lóðarframkvæmdum þar er ekki að fullu lokið, en þegar þetta er ritað hefur verið gert leiksvæði við Skólagerði þar sem eru 3 rólur, stærri og minni hringekja, stór kastali með rennibraut og stórt klifurnet. Yfirborðið er gúmmíhellur og gervigras með falldempunareiginleikum. Einnig er þar kominn gervigrasvöllur með 2 mörkum og þar við hliðina eru 4 körfur á malbiksyfirborði.

Samkvæmt skipulagi lóðarinnar eiga þar eftir að koma stórt klifurtæki, jafnvægisslá og hjólastólatrampólín næst byggingunni og klifurveggur norðan við körfurnar. Á stöllunum suður af byggingunni koma minni klifurtæki og kollar. Þá er fyrirhuguð aðstaða til útikennslu á austurhluta lóðarinnar og mun hún einnig nýtast leikskólanum sem er í sömu byggingu.

Í tölum og mælikvörðum er miðað við lóð fullbúna samkvæmt teikningum, sem verður væntanlega sumarið 2026.

Tölur í töflunni frá 2015 vísa til þáverandi Kársnesskóla við Skólagerði.

Barnaskóli Kársness	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	11.010	8.000
Fjöldi nemenda	237	292
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**46**	**27**
Breyting fj. nem. 2015-2025:		123%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Rólur	1	3	3	9
Rólur með 3 sætum	2	8		
Kastali			1	4
Rennibraut í kastala			1	2
Klifur í kastala			1	3
Klifurtæki A	1	3	1	4
Klifurtæki B	1	3	1	5
Klifurnet			1	5
Klifurveggur, steyptur			1	6
Vegasalt	2	4		
Hringekja A			1	2
Hringekja B			1	3
Hjólastólatrampólín			1	5
Jafnvægisslá, stærri			1	2
Jafnvægisslá, gorma-	1	2		
Jafnvægisgormapallur	3	6		
Tvíslá	1	2		
Kollar			5	5
Leiktæki samtals:	**12**		**19**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**20**		**15**	
Breyting 2015-2025, stk.:				158%
Leiktækjastig samtals:		**31**		**55**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**8**		**5**	
Breyting 2015-2025, stig:				177%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**12**	**100%**	**0**	**0%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**7**	**58%**	**0**	**0%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur á körfuboltavelli	2		4	
Körfur, stakar	1			
Körfur samtals:	**3**		**4**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**79**		**73**	
Breyting 2015-2025:				133%

Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á gervigrasi	2		2	
Boltamörk á malbiki	4			
Boltamörk samtals:	**6**		**2**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**40**		**146**	
Breyting 2015-2025:				33%

Hjólastæði	2015		2025	
Hjólastæði samtals:	**40**		**80**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**6**		**4**	
Breyting 2015-2025:				200%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



2015 Kársnesskóli við Skólagerði



2025 Barnaskóli Kársness í byggingu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Hörðuvallaskóli

Árið 2017 var leiktækjum á lóð fjölgað með því að setja upp fimmhyrningsrólu, klifurpýramída, 3 trampólín og jafnvægistæki. Árið eftir var sett upp þriggja arma karfa og gerður körfuboltavöllur í fullri stærð og að auki með tveimur körfum á hvorri hlið, þ.e. alls 6 körfum. 2021 var gerður gervigrasvöllur með 6 mörkum og bættri lýsingu þar sem áður voru 2 mörk á malbiki, auk þess sem gróður á lóð var aukinn. 2024 gert nýtt leiksvæði með stórum kastala með rennibraut og klifri, 2 rólum og 2 „gaga"-völlum („panna-völlum"). Yfirborð þessara leiksvæða er gúmmíhellur og gervigras með falldempunareiginleikum, en plastplötur á körfuboltavellinum. Samhliða framkvæmdunum 2024 var sett upp um 110 m löng girðing á mörkum skólalóðar sem snýr út að Vatnsendavegi og Rjúpnavegi.

Athuga þarf með betri frágang á þeim hluta lóðarinnar sem er milli körfubolta- og battavallar. Að öðru leyti er lóðin frágengin, a.m.k. þangað til færanlega kennslustofur verða fjarlægðar.

Hörðuvallaskóli	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	12.500	12.350
Fjöldi nemenda	779	513
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**16**	**24**
Breyting 2015-2025:		66%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Rólur	2	6	5	15
Fimmhyrningsróla			1	6
Aparóla	1	5		
Kastali			1	4
Rennibraut í kastala			1	4
Klifur í kastala			1	4
Klifurtæki A	1	5	1	5
Klifurtæki B	1	3	1	3
Klifurtæki C	1	3		
Klifurstöng	1	2		
Klifurpýramídi			1	5
Hringekja (Supernova)			1	4
Trampólín, stór			2	6
Trampólín, minni			1	2
Jafnvægisslá, stærri	1	2	1	3
Jafnvægistromla	1	2	1	2
Jafnvægistæki (Surfy)	1	4		
Tvíslá	1	2	1	2
Þríslá	1	2	1	2
Leiktæki samtals:	**12**		**20**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**65**		**26**	
Breyting 2015-2025, stk.:				167%
Leiktækjastig samtals:		**36**		**67**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**22**		**8**	
Breyting 2015-2025, stig:				186%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**0**	**0%**	**2**	**10%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**0**	**0%**	**1**	**5%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur á körfuboltavelli			6	
Körfur, stakar	3		1	
Karfa, þríarma			3	
Körfur samtals:	**3**		**10**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**260**		**51**	
Breyting 2015-2025:				333%

Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á battavelli	2		2	
Boltamörk á gervigrasi			6	
Boltamörk á malbiki	4		2	
Gaga (panna-)völlur			2	
Boltamörk samtals:	**6**		**12**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**130**		**43**	
Breyting 2015-2025:				200%

Hjólastæði	2015		2025	
Hjólastæði samtals:	**168**		**190**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**5**		**3**	
Breyting 2015-2025:				113%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



2015



2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Kársnesskóli

Við rýmingu Kársnesskóla við Skólagerði árið 2017 og flutning 1.-.4. bekkjar voru í tveimur áföngum alls settar upp 22 færanlegar kennslustofur á Vallargerðisvöll sem varð tímabundið hluti skólalóðarinnar. Þetta olli því að áætlanir um endurgerð lóðar Kársnesskóla-Vallargerði, eins og hann hét þá, fóru í biðstöðu. Þrátt fyrir það varð að mæta þessum aukna fjölda nemenda með leikaðstöðu eins og kostur var á. Á árunum 2017-19 var sett upp stórt klifurtæki á austurlóðinni og gerð tvö önnur leiksvæði við færanlegar kennslustofur á Vallargerðisvelli. Þar er annað klifurtæki, 3 trampólín, stór hringekja, 3 rólur og karfa. Yfirborð þessara leiksvæða er gúmmíhellur og gervigras með falldempunareiginleikum. Einnig voru settar upp tvær þriggja arma körfur en plássins vegna var ekki hægt að hægt að bæta við boltamörkum. Þau voru þó sett upp tímabundið á Rútstúni og nemendur nýttu sér einnig vel útbúið leiksvæði þar. Sumarið 2025 voru 9 færanlegar stofur fluttar af Vallargerðisvelli til notkunar við 3 aðra skóla bæjarins. Það, og opnun Barnaskóla Kársness með 1.-4. bekk, varð til þessa að pláss á skólalóðinni jókst til muna. Þegar þetta er ritað er unnið að frágangi gervigrasvallar með 6 mörkum og bættri lýsingu og verður hann tilbúinn fyrir vorið 2026.

Samt má segja að lóð Kársnesskóla sé í jafn mikilli óvissu nú og var fyrir 10 árum. Fyrir liggur að byggja þarf við skólann til að anna auknum fjölda barna á Kársnesi. Hvernig lóðin verður gerð/endurgerð helgast mikið til af því hvernig starfsemi innanhúss verður og hvar verður byggt við. Nýja lóð þarf að hanna samhliða hönnun bygginga. Enn er líka óvíst hvernig mörk skólalóðar Kársnesskóla og fyrrum Vallargerðisvallar verða.

Kársnesskóli	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	6.400	11.650
Fjöldi nemenda	311	400
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**21**	**29**
Breyting 2015-2025:		129%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Rólur	2	6	2	6
Rólur			3	6
Klifurtæki A	1	3	1	3
Klifurtæki B	1	3	1	4
Klifurtæki C			1	5
Klifurtæki D			1	4
Hringekja (Supernova)			1	4
Trampólín, stór			2	6
Trampólín, minni			2	4
Þrístá			1	2
Leiktæki samtals:	**4**		**15**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**78**		**27**	
Breyting 2015-2025, stk.:				375%
Leiktækjastig samtals:		**12**		**44**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**26**		**9**	
Breyting 2015-2025, stig:				367%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**4**	**100%**	**0**	**0%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**0**	**0%**	**2**	**13%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur á körfuboltavelli	2		2	
Körfur, stakar	2		2	
Karfa, þríarma			6	
Körfur samtals:	**4**		**10**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**78**		**40**	
Breyting 2015-2025:				250%

Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á battavelli	2		2	
Boltamörk á gervigrasi			6	
Boltamörk á malbiki	2			
Boltamörk samtals:	**4**		**8**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**78**		**50**	
Breyting 2015-2025:				200%

Hjólastæði	2015		2025	
Hjólastæði samtals:	**73**		**194**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**4**		**2**	
Breyting 2015-2025:				266%

Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11 2026



2015



2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Kópavogsskóli

Árin 2016-17 var um helmingur austurhluta lóðarinnar endurgerður. Þar höfðu áður verið boltamörk á malbiki en hluti svæðisins var gerður grænni með mótun lands, gerð þrautabrautar úr timbri og grjóti, uppsetningu eldstæðis o.fl. Sett var þar upp stórt klifurtæki, 2 rólur, 2 trampólín, 2 snúningstæki o.fl. 2021 var endurnýjað leiksvæði í porti að sunnanverðu og þar sett upp æfingatæki, klifurveggur, stórt ruggutæki og stór hringekja. Sama ár var settur upp stór kastali með rennibraut og klifri í suðvesturhorni lóðarinnar. Yfirborð þessara leiksvæða er gúmmíhellur og gervigras með falldempunareiginleikum en gúmmí við kastalann.

Frá 2019 til 2025 hafa 6 færanlegar kennslustofur verið reistar á austurhluta lóðarinnar, þar sem áður voru boltavellir. 2025 voru bílastæði norðan skólans afgirt sem vinnusvæði vegna byggingar leikskólans Skólatraðar. Vegna þess voru útbúin bráðabirgðabílastæði á vesturlóð, þar sem áður var körfuboltavöllur. Haustið 2026 tekur leikskólinn Skólatröð til starfa og þá komast bílastæðin norðan Kópavogsskóla aftur í gagnið. Ekki verður þó hægt að gera mikið á vesturlóðinni, því þar á að byggja við skólann og svæðið verður væntanlega vinnusvæði næstu árin. Á meðan má búast við að færanlegar stofurnar verði á núverandi stað. Tímabært er samt að fara að undirbúa hönnun á lóðinni samhliða skólahúsnæðis svo hægt að vinna skynsamlega að úrbótum.

Kópavogsskóli	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	15.100	13.230
Fjöldi nemenda	316	421
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**48**	**31**
Breyting 2015-2025:		133%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Rólur	2	6	2	6
Rólur			2	6
Ruggutæki			1	5
Æfingatæki			1	5
Æfingarkollar			3	3
Kastali	1	4	1	4
Rennibraut í kastala	1	2	1	2
Klifur í kastala	1	3	1	4
Klifurtæki A	1	3	1	5
Klifurveggur			1	4
Hringekja (Supernova)			1	4
Snúningstæki, lítið (Spica)			3	6
Trampólín, stór			1	3
Trampólín, minni			1	2
Jafnvægisslá	1	3		
Jafnvægisslá, gorma-	1	2	1	2
Jafnvægiskollar	1	1		
Þrautabraut, timbur			1	2
Þrístá			1	2
Leiktæki samtals:	**9**		**23**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**35**		**18**	
Breyting 2015-2025, stk.:				256%
Leiktækjastig samtals:		**24**		**65**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**13**		**6**	
Breyting 2015-2025, stig:				271%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**9**	**100%**	**0**	**0%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**5**	**56%**	**3**	**13%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur á körfuboltavelli	2			
Körfur, stakar	1			
Karfa, þríarma			3	
Körfur samtals:	**3**		**3**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**105**		**140**	
Breyting 2015-2025:				100%


Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á battavelli	2		2	
Boltamörk á malbiki	4		2	
Boltamörk samtals:	**6**		**4**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**53**		**105**	
Breyting 2015-2025:				67%

Hjólastæði	2015		2025	
Hjólastæði samtals:	**40**		**84**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**8**		**5**	
Breyting 2015-2025:				210%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



2015



2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Kóraskóli

Frá haustinu 2015 hafa nemendur 8.-10. bekkjar Hörðuvallaskóla verið staðsettir í húsnæði Kórsins við Vallakór, sökum plássleysis við Baugakór. Þar var engin skólalóð eða útiaðstaða. Árin 2019-20 var farið í frágang svæðis norðan bílastæða Kórsins og þar sett upp stórt æfingatæki, stór hringekja, 2 körfur og setaðstaða. Yfirborð við tækin er gúmmíhellur en körfur eru á malbiki. Einnig var plantað miklum gróðri til að gera svæðið hlýlegra og skjólsælla.

Hugmundir voru uppi um að reisa á þessu svæði steypta hjólabrettaskál, en hætt var við það og henni fundinn staður í Kópavogsdal nærri Tennishöllinni. Árið 2022 var útbúin setaðstaða í stöllum við austanverða bygginguna eftir að grafið hafði verið frá henni og útbúnar fleiri kennslustofur. Kóraskóli tók svo til starfa haustið 2023.

Fyrirhuguð bygging stúku við Kórinn kemur til með að taka talsvert af því sem þó er útisvæði Kóraskóla nú.

Kóraskóli	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	0	4.100
Fjöldi nemenda	0	279
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**0**	**15**

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Æfingatæki			1	4
Hringekja (Supernova)			1	4
Leiktæki samtals:	**0**		**2**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**0**		**140**	
Leiktækjastig samtals:		**0**		**8**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**0**		**35**	

Aldur leiktækja, >12 ára:	**0**		**0**	**0%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**0**		**0**	**0%**


	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur á körfuboltavelli			2	
Körfur samtals:	**0**		**2**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**0**		**140**	

Hjólastæði	2015		2025	
Hjólastæði samtals:	**0**		**120**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**0**		**2**	

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



2015



Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Lindaskóli

Á árunum 2020-23 var lóð Lindaskóla endurnýjuð og uppfærð, bæði hvað varðar leiktæki, undirlag þeirra og boltavelli. Fyrsta árið var leiksvæði við Galtalind endurnýjað, settur þar nýr kastali með rennibraut og klifurmöguleikum, 2 trampólín, æfingaslár og rennibraut í brekku. Yfirborð þar er gúmmíhellur og gervigras með falldempunareiginleikum. Einnig var gerður körfuboltavöllur með 6 körfum og plastplötuyfirborði. Árið 2021 var gerður gervigrasvöllur með 6 mörkum og hárri girðingu umhverfis ásamt bættri lýsingu og sett upp þriggja arma karfa. Það ár var líka farið í aðgerðir vegna bætts aðgengis hreyfihamlaðra og fjölgunar hjólastæða. 2023 var endurnýjað stórt malarsvæði sunnan skólans. Þar var sett upp aparóla, stórt klifurtæki, stórt jafnvægistæki og fimmhyrningsróla. Yfirborð þessa leiksvæðis er gúmmí undir rólum og gervigras með falldempunareiginleikum við önnur leiktæki. Samhliða framkvæmdunum voru gerðir setpallar úr timbri við austurgafl skólans og þar með leyst vatnsvandamál sem hafði fylgt skólanum frá upphafi.

Tveimur færanlegan kennslustofum frá Vallargerðisvelli var árið 2025 komið fyrir á suðurhluta skólalóðarinnar, á svæði sem áður hafði verið nýtt til sömu hluta. Svo til öll lóðin hefur verið endurbætt frá 2016.

Lindaskóli	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	16.430	16.230
Fjöldi nemenda	496	435
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**33**	**37**
Breyting fj. nem. 2015-2025:		88%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Róla	3	9	1	3
Fimmhyrningsróla			1	6
Aparóla			1	5
Kastali	1	4	1	4
Rennibraut í kastala	1	2	1	2
Rennibraut í brekku			1	2
Klifur í kastala	1	3	1	4
Klifurtæki	1	3	1	4
Klifurveggur	2	6	1	3
Hjólabrettarampur	1	3	1	3
Trampólín, minni			2	4
Jafnvægisslá A	1	1		
Jafnvægisslá, stærri	1	2		
Jafnvægisgormapallur	3	6		
Jafnvægiskollar	4	4		
Jafnvægistæki (Surfy)			1	4
Apastigi (hreystibraut)	1	4	1	4
Dekkjabraut (hreystibraut)	2	2	2	2
Kaðalturn (hreystibraut)	1	4	1	4
Netturn (hreystibraut)	1	4	1	4
Skriðbraut (hreystibraut)	1	3	1	3
Tvíslá	1	2	1	2
Fjórslá			1	2
Leiktæki samtals:	**26**		**21**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**19**		**21**	
Breyting 2015-2025, stk.:				81%
Leiktækjastig samtals:		**62**		**65**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**8**		**7**	
Breyting 2015-2025, stig:				105%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**23**	**88%**	**0**	**0%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**0**	**0%**	**4**	**19%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur á körfuboltavelli	2		6	
Körfur, stakar	3		1	
Karfa, þríarma			3	
Körfur samtals:	**5**		**10**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**99**		**44**	
Breyting 2015-2025:				200%


Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á battavelli	2		2	
Boltamörk á gervigrasi			6	
Boltamörk á malbiki	6		2	
Fótboltaborðtennis (Teq)			1	
Boltamörk samtals:	**8**		**11**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**62**		**40**	
Breyting 2015-2025:				138%

Hjólastæði	2015		2025	
Hjólastæði samtals:	**68**		**128**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**7**		**3**	
Breyting 2015-2025:				188%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



2015



2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Salaskóli

Árið 2016 var gert stórt leiksvæði á vesturhluta lóðarinnar, þar sem áður var malarsvæði, og komið þar fyrir hreystibraut af minni gerðinni, fimmhyrningsrólu, stóru klifurnettæki ásamt ýmsum æfinga- og jafnvægistækjum. Árið eftir var settur upp stór kastali með 2 rennibrautum og klifri, 2 stór trampólín og aparóla. Yfirborð þessa leiksvæða er gúmmíhellur undir rólum, gúmmímottur undir aparólu og gervigras með falldempunareiginleikum undir öðrum tækjum. 2017 var einnig skipt út 4 körfum og sett plastplötuyfirborð á körfuboltavöll við hlið battavallar. Árið 2019 var malbikuðum boltavelli með 2 mörkum breytt í gervigrasvöll með 8 mörkum og þá var einnig sett upp þriggja arma karfa. Stór steyptur klifurveggur var gerður á leiksvæði austan skólans árið 2021. Yfirborð kringum hann er gúmmíhellur.

Síðan 2015 hefur fjölgað um eina færanlega kennslustofu á lóðinni og eru þær nú þrjár. Á lóð Salaskóla á nú aðeins eftir að endurnýja um 450 m2 malarsvæði austan skólans en einnig þarf að fara í frágang sporöskjulaga svæðis nærri battavelli, þar sem áður voru miklir setstallar úr timbri sem urðu brennuvörgum að bráð.

Salaskóli	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	16.650	16.430
Fjöldi nemenda	553	493
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**30**	**33**
Breyting fj. nem. 2015-2025:		89%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Rólur	3	9	1	3
Fimmhyrningsróla	1	6	1	6
Aparóla			1	5
Kastali			1	4
Rennibraut í kastala			1	4
Klifur í kastala			1	3
Klifurtæki	1	4		
Klifurnet			1	4
Klifurveggur	1	3	1	3
Klifurveggur, steyptur			1	6
Snúningstæki	1	2		
Trampólín, stór			2	6
Jafnvægisslá	1	1		
Jafnvægisslá, stærri	1	3	1	3
Jafnvægisslá, gorma-	1	2	1	2
Jafnvægistromla			1	2
Apastigi (hreystibraut)			1	4
Dekkjaþraut (hreystibraut)			2	2
Tvíslá			2	4
Þríslá			1	2
Kollar			4	4
Leiktæki samtals:	**10**		**24**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**55**		**21**	
Breyting 2015-2025, stk.:				240%
Leiktækjastig samtals:		**30**		**67**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**18**		**7**	
Breyting 2015-2025, stig:				223%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**8**	**80%**	**0**	**0%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**0**	**0%**	**2**	**8%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur á körfuboltavelli	4		4	
Körfur, stakar	2		1	
Karfa, þríarma			3	
Körfur samtals:	**6**		**8**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**92**		**62**	
Breyting 2015-2025:				133%


Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á battavelli	2		2	
Boltamörk á gervigrasi			8	
Boltamörk á malbiki	6			
Boltamörk samtals:	**8**		**10**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**69**		**49**	
Breyting 2015-2025:				125%

Hjólastæði	2015		2025	
Hjólastæði samtals:	**107**		**147**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**5**		**3**	
Breyting 2015-2025:				137%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



2015



2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Smáraskóli

Árið 2018 var mest allur austurhluti lóðar Smáraskóla endurnýjaður. Norðan og austan skólans var settur upp stór kastali með rennibraut og klifurmöguleikum, stór þrautabraut, gúmmíklæddur hóll með göngum, lítill boltavöllur o.fl. Á leiksvæði sunnan skólans voru sett upp klifurtæki, klifurpýramídi, 2 trampólín og æfingaslá. Yfirborð þessara leiksvæða er gervigras með falldempunareiginleikum en gúmmí við þrautabrautina. Ári síðar var hjólastæðum fjölgað mjög á lóðinni og sett upp þriggja arma karfa. 2023 var gerður gervigrasvöllur með 8 mörkum þar sem áður höfðu verið 2 mörk á malbiki auk þess sem lýsing boltavalla var bætt til muna. Árið 2025 var farið í að auka nýtingu vesturhluta lóðarinnar, næst færanlegu stofunum, og fjölga þar tækifærum til leikja. Gerður var annar gervigrasvöllur með 6 mörkum og leiksvæði með kastala með rennibraut og klifurmöguleikum, hringekju, 2 þriggja sæta rólum o.fl.

Árið 2015 var ein færanleg kennslustofu við Smáraskóla en nú eru þær sex talsins, þar af þrjár sem komu 2025 frá Kársnesskóla. Árið 2024 var lóðin stækkuð umtalsvert til vesturs þannig að nú eru færanlegu stofurnar innan lóðarmarka. Fyrirhugað er að byggja við Smáraskóla, væntanlega til vesturs, en óljóst er hvenær það mun verða. Ekki er skynsamleg að gera mikið meira í lóðinni í bili, þ.e. fyrr en ljóst er hvernig starfsemin verður eftir að viðbygging kemst í gagnið.

Smáraskóli	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	12.810	15.510
Fjöldi nemenda	372	500
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**34**	**31**
Breyting fj. nem. 2015-2025:		134%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Rólur	2	6	2	6
Rólur með 3 sætum			2	8
Kastali A			1	4
Kastali B			1	4
Rennibraut í kastala A			1	3
Rennibraut í kastala B			1	2
Klifur í kastala A			1	3
Klifur í kastala B			1	4
Klifurtæki A	1	4	1	4
Klifurtæki B	1	3		
Klifurpýramídi			1	5
Hringekja			1	3
Trampólín, stór			1	3
Trampólín, minni			1	2
Jafnvægisslá	1	2		
Jafnvægisslá, stærri	1	2	2	6
Þrautabraut, hóll og göng			1	6
Þrístá	1	2	1	2
Leiktæki samtals:	**7**		**19**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**53**		**26**	
Breyting 2015-2025, stk.:				271%
Leiktækjastig samtals:		**19**		**65**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**20**		**8**	
Breyting 2015-2025, stig:				342%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**5**	**71%**	**2**	**11%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**0**	**0%**	**0**	**0%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur á körfuboltavelli	4		4	
Körfur, stakar	3		1	
Karfa, þríarma			3	
Körfur samtals:	**7**		**8**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**53**		**63**	
Breyting 2015-2025:				114%

Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á battavelli	1		2	
Boltamörk á gervigrasi			14	
Boltamörk á malbiki	4		2	
Boltamörk samtals:	**5**		**18**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**74**		**28**	
Breyting 2015-2025:				360%

Hjólastæði	**2015**		**2025**	
Hjólastæði samtals:	**80**		**176**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**5**		**3**	
Breyting 2015-2025:				220%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



2015



2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Snælandsskóli

Árið 2018 var mestur hluti suður- og vesturlóðar Snælandsskóla endurnýjaður. Á suðurhluta voru settar upp 2 rólur, 2 körfur, 2 snúningstæki, jafnvægisslár og þriggja arma karfa. Á vesturhluta lóðar voru smíðaðir setpallar úr timbri, settur upp stór kastali með rennibraut og klifurmöguleikum, stór hjólastólahringekja og þrautabraut úr timbri. Yfirborð þessara leiksvæða er gervigras með falldempunareiginleikum og gúmmíhellur. Sama ár var hjólastæðum fjölgað verulega. 2022 var reistur battavöllur með gervigrasi á norðurhluta lóðarinnar og endurnýjað malarleiksvæði á norðurlóð þar sem sett voru upp stórt klifurtæki, æfingaslár og stór hringekja. Ári síðar var síðasta malarleiksvæði lóðarinnar, sem er við hlið battavallarins, endurnýjað. Þar var sett upp fimmhyrningsróla, hjólastólatrampólín og jafnvægisslár. Yfirborð þessara leiksvæða er gervigras með falldempunareiginleikum. 2025 var gerður stór körfuboltavöllur í norðvesturhorni skólalóðarinnar. Þar eru 6 körfur og yfirborð vallarins er úr plastplötum. Þar við hliðina voru settir 2 „gaga“-vellir (“panna“-vellir) vellir á malbiki. Þá voru líka sett ný leiktæki á suðurlóð; þriggja sæta róla og klifurhringekja.

Snælandsskóli	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	10.060	10.060
Fjöldi nemenda	420	471
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**24**	**21**
Breyting fj. nem. 2015-2025:		112%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Rólur	3	9	2	6
Rólur með 3 sætum			1	4
Fimmhyrningsróla			1	6
Kastali	1	4	1	4
Rennibraut í kastala	1	2	1	2
Klifur í kastala	1	3	1	3
Klifurtæki	1	4	1	5
Klifurpýramídi og hringekja			1	5
Hringekja (Supernova)			1	4
Hjólastólahringekja			1	5
Snúningstæki, lítið (Spica)			2	4
Hjólabrettarampur og -slár	1	7	1	7
Hjólastólatrampólín			1	5
Jafnvægisslá			1	2
Jafnvægisgormapallur	3	6		
Tvíslá	1	2		
Þríslá	2	4	1	2
Leiktæki samtals:	**14**		**17**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**30**		**28**	
Breyting 2015-2025, stk.:				121%
Leiktækjastig samtals:		**41**		**64**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**10**		**7**	
Breyting 2015-2025, stig:				156%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**14**	**100%**	**0**	**0%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**0**	**0%**	**1**	**6%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur á körfuboltavelli			6	
Körfur, stakar	4		3	
Karfa, þríarma			3	
Körfur samtals:	**4**		**12**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**105**		**39**	
Breyting 2015-2025:				300%


Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á battavelli			2	
Boltamörk á malbiki	6			
Gaga (panna-)völlur			2	
Boltamörk samtals:	**6**		**4**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**70**		**118**	
Breyting 2015-2025:				67%

Hjólastæði	2015		2025	
Hjólastæði samtals:	**68**		**169**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**6**		**3**	
Breyting 2015-2025:				249%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



2015



2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Vatnsendaskóli

Árið 2017 var sett upp hreystibraut á vesturhluta lóðarinnar. Árið eftir lauk byggingu íþróttahúss og var þá frágenginn og malbikaður boltavöllur þar sem aðstaða byggingarverktaka hafði verið. Sama á var settur upp kastali með rennibraut og klifri ásamt 2 trampólínum á norðurlóðinni. Að auki var gróðursett talsvert af trjám í brekkunni vestan skólans. 2020 var reistur stór steyptur klifurveggur og ofan við hann nýtt leiksvæði þar sem er þrautabraut sem samanstendur af 7 timburleiktækjum ásamt snúningsdiski. Sett var upp aparóla á svæði norðan íþróttahússins og unnið að frágangi og gróðursetningu á lóð. Einnig var gert svæði með 3 stökum körfum með gúmmíhelluyfirborði þar sem áður var ónýttur hluti boltavallar og þriggja arma karfa sett upp vestan skólans. Árið eftir var malbikuðum boltavelli með 2 mörkum breytt í gervigrasvöll með 6 mörkum. 2025 var klifurtæki á norðurlóð endurnýjað, leiksvæði stækkað og komið þar fyrir stórri hringekju. Þá var farið í stórframkvæmdir á vesturhluta skólalóðarinnar. Gert var nýtt stórt leiksvæði með 2 stórum klifurtækum og -netum ásamt 5 m löngu hjólastólatrampólíni vestan við battavöll. Leiksvæðið var tengt áður frágengnum svæðum með malbikuðum stíg sem er aðgengilegur hreyfihömluðum. Þarna var einnig reist timburskýli með bekkjum sem nýtast á til útikennslu. Einnig var sett um 160 m löng girðing á lóðarmörkum við stíg vestan skólans, sem snýr að Vatnsendavegi.

Árið 2015 skar Vatnsendaskóli sig úr á þann hátt að um fjórðungur lóðarinnar var ófrágenginn. Með framkvæmdum síðastliðinn áratug, sérstaklega 2020 og 2025, hefur sú staða breyst verulega en þó er lóðin ekki fullfrágengin enn. Í endurskoðaðri tillögu að lóð frá 2025 er gert ráð fyrir að stór körfuboltavöllur með 6 körfum verði gerður á vesturhluta lóðarinnar, þar sem hreystibrautin er nú. Þetta er nokkuð sem lengi hefur verið óskað eftir. Fyrirhugað er að hreystibrautin færist þá á þann stað sem stöku körfurnar 3 eru nú. Gert er ráð fyrir að flytja trjágróður á svæðið umhverfis körfuboltavöllinn og við timburskýlið, þannig að það standi í skógar- og útikennslusvæði. Að þessu loknu eru aðeins brekkurnar vestan skólans að mestu óhreyfðar og er gert ráð fyrir að það svæði verði áfram tiltölulega villt og gróður þar aukinn.

Vatnsendaskóli	2015	2025
Lóðarstærð (nettó) í m^2	17.260	17.260
Fjöldi nemenda	550	530
Fjöldi m^2 pr. nemenda:	**31**	**33**
Breyting fj. nem. 2015-2025:		96%

	2015		2025	
Leiktæki	**Stk.**	**Stig**	**Stk.**	**Stig**
Rólur	2	3	2	3
Fimmhyrningsróla	1	6	1	6
Aparóla			1	5
Kastali			1	4
Rennibraut í kastala			1	2
Klifur í kastala			1	4
Klifurtæki A	1	4	1	4
Klifurtæki B	1	4	1	4
Klifurtæki C	1	3	1	3
Klifurtæki D			1	4
Klifurnet			1	5
Klifurveggur, steyptur			1	6
Vegasalt A	1	2		
Hringekja	1	2		
Hringekja (Supernova)			1	4
Trampólín, stór			2	6
Hjólastólatrampólín			1	5
Jafnvægisslá A			1	1
Jafnvægispallur	1	2		
Jafnvægisdiskur			1	2
Jafnvægistromla			1	2
Þrautabr., drumbar o.fl. (6)			6	9
Útikennsluskýli			1	5
Apastigi (hreystibraut)			1	4
Dekkjaþraut (hreystibraut)			2	2
Æfingatæki (hreystibraut)			1	3
Tvíslá (hreystibraut)			1	2
Þrístá (hreystibraut)			1	2
Leiktæki samtals:	**9**		**33**	
Fj. nemenda pr. leiktæki:	**61**		**16**	
Breyting 2015-2025, stk.:				367%
Leiktækjastig samtals:		**26**		**97**
Fj. nemenda pr. leikt.stig:	**21**		**5**	
Breyting 2015-2025, stig:				373%

Aldur leiktækja, >12 ára:	**0**	**0%**	**2**	**6%**
Aldur leiktækja, >18 ára:	**0**	**0%**	**2**	**6%**

	2015		2025	
Körfur	**Stk.**		**Stk.**	
Körfur, stakar	3		4	
Karfa, þríarma			3	
Körfur samtals:	**3**		**7**	
Fj. nemenda pr. körfu:	**183**		**76**	
Breyting 2015-2025:				233%


Boltamörk	**Stk.**		**Stk.**	
Boltamörk á battavelli	2		2	
Boltamörk á gervigrasi			6	
Boltamörk á malbiki	2			
Boltamörk samtals:	**4**		**8**	
Fj. nemenda pr. boltamark:	**138**		**66**	
Breyting 2015-2025:				200%

	2015		2025	
Hjólastæði				
Hjólastæði samtals:	**90**		**192**	
Fj. nemenda pr. hjólastæði:	**6**		**3**	
Breyting 2015-2025:				213%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



2015



2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026